

83
21. des.

REGLUGJÖRÐ

fyrir

Landsbanka Íslands.

I. KAFLI.

Skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins og ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum hans á þann hátt, er segir í 1. gr. laga um Landsbanka Íslands nr. 10, 15. apríl 1928.

2. gr.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánnum, innlánnum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

II. KAFLI.

Um seðla bankans.

3. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjár- auka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður útlit seðlanna og lögun eftir tillögum bankaráðs.

4. gr.

Tegundir seðlanna skulu vera fimm: 500 kr., 100 kr., 50 kr., 10 kr. og 5 kr., og sjer bankaráðið um prentun þeirra.

5. gr.

Á hvern seðil skal prenta númer, svo og nafn formanns bankaráðsins og eins bankastjórans eftir eigin handskrift.

6. gr.

83

21. des.

Bankaráðið lætur telja seðlana, sem koma úr prentun. Skal búa um seðlana í böggla og rita um í bók þannig, að ætíð megi sjá af hlaupanúmeri og ártali, hver síðast taldi í hvern seðlaböggul.

7. gr.

Bankastjórnarnir eða sá þeirra, sem bankaráðið felur það á hendur, skal sjá um, að altaf sje til nægur forði seðla af öllum tegundum.

8. gr.

Seðlarnir og það, er seðlagjörðinni viðvíkur, skal geymt í hirslu, sem eigi verður opnuð nema með 2 mismunandi lyklum, og skal einn bankastjórnanna geyma annan lykilinn, en aðalfjehirðir hinn.

Í hvert skifti sem seðlar eru settir í umferð eða teknir úr umferð til ónýtingar, skal það ritað í bók af bankastjóra eða manni, sem framkvæmdarstjórnin felur það, og undirskrifar aðalfjehirðir, ef út er tekið, en bankastjóri, ef inn er sett.

9. gr.

Einu sinni á hverjum ársfjórðungi skulu endurskoðendur rannsaka seðlafúlguna ásamt bankastjóra, og gefa bankaráðinu skýrslu um skoðunina.

10. gr.

Seðlabankinn innleysir skemda seðla eftir þeim reglum, að fyrir minna en $\frac{1}{4}$ úr seðli skal ekkert greiða, $\frac{1}{4}$ úr seðli skal greiða með $\frac{1}{4}$ verðs, $\frac{1}{2}$ seðil skal greiða með hálfvirði og $\frac{3}{4}$ úr seðli með þrem fjórðu verðs. Vanti minni á seðilinn en fjórða hluta, skal leysa hann inn með fullu verði.

Seðlar, sem eru svo skaddaðir, að vatnsmerkið í pappírnum sjest eigi, verða eigi innleystir.

Í vafatilfellum má senda skaddaða seðla til bankastjórnarinnar, til þess að hún ákveði, hvað greiða megi fyrir þá.

11. gr.

Ónýting útslitinna og ógildra seðla fer fram eftir þeim reglum, sem bankaráðið setur, og eftir skrá. sem framkvæmdarstjórnin lætur fylgja þeim.

83
21. des.

III. KAFLI.

Störf seðlabankans.

A. *Um skifti á gulli og seðlum og kaup og sölu á gulli.*

I. *Þegar seðlarnir eru innleysanlegir.*

12. gr.

Fyrir gullpeninga, sem gjaldgengir eru hjer á landi, verða látnir seðlar bæði við aðalbankann og útibúin.

13. gr.

Seðlabankinn í Reykjavík kaupir gull fyrir 2480 kr. hvert kílógram af skíru ómyntuðu gulli að frádregnum $\frac{1}{2}\%$ í myntgerðarkostnað.

14. gr.

Seðlabankinn selur einnig ómyntað gull eftir reglum, sem framkvæmdarstjórnin ákveður í hvert einstakt skifti.

15. gr.

Erlenda gullpeninga, sem eigi eru gjaldgengir í ríkinu, kaupir bankinn eftir reglum, sem framkvæmdarstjórnin setur.

16. gr.

Við seðlabankann í Reykjavík skal innleysa seðla þá, sem hann hefir gefið út, ef þess er krafist, með ákvæðisverði þeirra í löglegri, gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta, en í skiftimynt, ef upphæðin er minni.

17. gr.

Framkvæmdarstjórnin sjer um, að nægilegt af gjaldgengri gullmynt sje altaf fyrirbyggjandi í þessu skyni.

II. *Þegar seðlarnir eru eigi innleysanlegir.*

18. gr.

Bankaráðið setur reglur um kaup og sölu á gulli, en það getur aðeins átt sjer stað við aðalbankann í Reykjavík.

B. *Dálk- eða hlaupareikningsviðskifti.*

19. gr.

Hver sá, sem vill byrja dálk- eða hlaupareikningsviðskifti við bankann, skal semja um það við framkvæmdarstjórnina.

20. gr.**83**

Sá, sem leggur inn á dálk eða í hlaupareikning, fær lausa 21. des. kvittun fyrir fjenu, tvírtaða, ef hann óskar þess.

21. gr.

Menn geta fengið fje, sem þeir eiga á dálk eða í hlaupareikningi, útborgað eftir skriflegri beiðni, samkvæmt tjekkávísun eða eftir símskeyti, sem svo tryggilega sje gengið frá, að sú útborgun sje áhættulaus fyrir bankann, t. d. þegar undirskrift hins rjetta hlutað-eiganda hefir verið staðfest af símanum á venjulegan hátt.

22. gr.

Enginn má gefa ávísun á meira fje en hann á inni á dálk eða í hlaupareikninigi, nema öðruvísi sje um samið.

23. gr.

Bankinn selur innstæðueigendum tjekkávísanabækur til afnota við ávísanir á innstæðu og fær samtímis sýnishorn af undirskrift hlutað-eiganda til samanburðar. Komi það fyrir, að fölsk ávísun sje greidd af bankanum, ber sá skaðann sem fjeð á, nema um sje að kenna augljósu gáleysi bankans.

24. gr.

Í tjekkávísun, sem gefin er út á innstæðu á dálk eða í hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sje þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að útborga ávísunarupphæðina. Sje fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir minni upphæðin.

25. gr.

Bankaráð og framkvæmdarstjórn ákveða, hvort taka skuli við ákveðnu fje á dálk eða í hlaupareikning, og hvort greiða skuli vexti af því fje, sem tekið er við. Með einfaldri fundarsamþykt getur þó bankaráðið falið framkvæmdarstjórninni einni að taka ákvarðanir um þetta, þegar ekki er um stórfje að ræða, og framkvæmdarstjórninni þykir ekkert grunsamlegt við ráðstöfunina.

26. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans, og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikning annara manna.

C. Geymslufje.

27. gr.

Seðlabankinn getur tekið á móti fje til geymslu um lengri eða skemri tíma, og fer um það eftir samningum við framkvæmdarstjórnina.

D. Lánveitingar.

a. Almenn ákvæði.

28. gr.

Útlánsstarfsemi seðlabankans og öðrum störfum hans skal hagað svo, að sem best samrýmist höfuðtilgangi hans, að halda gjald-eyri landsins í stöðugu verði og koma í veg fyrir eða draga úr truflunum í peningamálunum. Skal fje hans því, að svo miklu leyti, sem því er varið til útlána, komið fyrir í stuttum lánum, helst viðskiftavíxlum, sem greiðast fljótt, enda sje þess vandlega gætt, að öll slík lán sjeu vel trygg. Jafnframt skal leggja áherslu á, að útlánsstarfsemi seðlabankans verði framleiðslunni og nauðsynlegum viðskiftum að sem mestum notum, en lán, sem vænta má, að nota eigi til djarfsýslu eða annarar óheilbrigðrar starfsemi, skulu alls ekki veitt.

b. Víxlakaup innanlands.

29. gr.

Víxlar, tjekkar, ávísanir og önnur verðbrjef, er bankinn kaupir, skulu vera greinilega samin, og skulu hlutaðeigendur kosta kapps um, að þau sjeu óblettud eða óflekkuð og án leiðrjettinga.

Pegar bankinn kaupir eða selur verðbrjef, er hljóða um erlenda peninga, skal verð brjefanna jafnan reiknað í íslenskum peningum.

Hvert það verðbrjef, er bankinn kaupir, á að vera framselt honum skriflega um leið og kaupin eru afgreidd.

30. gr.

Enginn víxill, sem er keyptur, má vera með lengri gjaldfresti en 6 mánuðum, og eigi má endurnýja víxil um meir en 6 mánuði samtals; þó má kaupa víxla með 12 mánaða gjaldfresti, sjeu þeir tryggðir með nægu handveði eða fasteignaveði.

31. gr.

Pegar víxill hefir verið afsagður, skal bankinn venjulega taka út stefnu í víxilmáli innan 10 daga, þegar samþykkjandi og allir ábyrgðarmenn eru búsettir í Reykjavík, en ella í síðasta lagi innan 40 daga.

c. Reikningslán.

83

21. des.

32. gr.

Seðlabankinn getur veitt reikningslán með tryggingu í handveði eða fasteignarveði. Slík lán skulu vera uppsegjanleg með eigi lengri en 3 mánaða fyrirvara.

33. gr.

Veðið skal vera fulltryggilegt og lánið veitt með því skilyrði, að annaðhvort sje hægt að heimta viðbótartrygging, ef veðið rýrnar svo, að þess álítist þörf, eða þá afborgun af láninu, þótt gjalddagi sje eigi kominn.

34. gr.

Vexti skal reikna eftir því, sem um semur, og þó sá, sem reikningslánið hefir, hafi um stund borgað meira í reikning sinn en láninu nemur, fær hann enga vexti af þeirri inneign, nema sjerstaklega sje um það samið.

35. gr.

Fyrir innborgunum skal gefa kvittun annaðhvort lausa eða í bók, en útborganir geta farið fram eftir brjefum, tjekkom eða ávísunum, sem verða að hljóða á nafn, ennfremur má borga út eftir símkeyti, á þann hátt, er segir í 21. gr.

d. Lán gegn handveði.

36. gr.

Bankinn lánar fje gegn handveði, svo sem arðberandi áreiðanlegum verðbrjefum og öðrum þeim munum, sem framkvæmdarstjórnin tekur gilda og sjer bankanum fært að geyma.

Ennfremur má veita lán um stuttan tíma gegn tryggingu í vátrygðum verslunarvörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskírteini eða geymsluskírteini, sem bankanum er afhent og framselt.

e. Ábyrgðir.

37. gr.

Bankinn getur tekist á hendur ábyrgðir um stuttan tíma utan lands og innan, gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða.

83
21. des.

f. Kaup og sala á útlendum víxlum.

38. gr.

Seðlabankinn kaupir og selur tryggja víxla, tjecca og ávísanir á útlönd. Kaup- og sölu-gengi ákveður framkvæmdarstjórnin og setur nánari reglur um slíka verslun.

g. Kaup á verðbrjefum.

39. gr.

Seðlabankinn kaupir skuldabrijf ríkja og bæjar- og sveitar-fjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef og selur aftur, þegar ástæða er til.

40. gr.

Halda skal skrá yfir hin keyptu verðbrjef með auðkennum, upphæðum og gjalddögum, og skal dagurinn tilgreindur, þegar þau eru keypt eða seld.

41. gr.

Þess skal nákvæmlega gætt, að útdregin skuldabrijf eða brjef, sem sagt hefir verið upp, og áfallnir vextir sjeu innheimtir á rjettum gjalddaga.

42. gr.

Hlutabrijf má bankinn eigi kaupa nema í umboði annara.

h. Inneignir bankans erlendis.

43. gr.

Framkvæmdarstjórn og bankaráð ákveða, í hvaða erlendum bönkum seðlabankinn hefir inneignir og gætir þess að velja aðeins til þess þær bankastofnanir, sem njóta almenns trausts og telja má vafalaust tryggja og áreiðanlegar. Auk þess þarf samþykki ráðherra að koma til, ef inneignirnar eiga að teljast hluti af gullforðanum.

i. Innheimta.

44. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

IV. KAFLI.

83

21. des.

Reikningur og endurskoðun.

45. gr.

Ársreikningur seðlabankans, sem miðast við almanaksárið, skal saminn og birtur í stjórnartíðindunum í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok, en yfirlit yfir hag bankans skal birta við hver mánaðamót. Skal reikningurinn svo mikið sundurliðaður, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

46. gr.

Landsbankanefndin kýs 2 bókhaldsfróða endurskoðendur og skulu þeir rannsaka reikning seðlabankans og reikninga hinna annara deilda bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslu á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir sjeu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rjetta mynd af því, sem fram hefir farið.

Ef þeir verða þess varir, að vanræksla eigi sjer stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gjöra, þá eiga þeir að benda bankaráðinu á það og gjöra uppástungur um endurbæturnar.

47. gr.

Allar leiðrjettingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gjörðar að glöggt sjáist, hvað þar hefir staðið upphaflega.

48. gr.

Endurskoðendurnir skulu að minsta kosti tvisvar sinnum á ári fyrirvaralaust sannreyna hvort eignir bankans sjeu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma, og að minsta kosti einu sinni á mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fje undir höndum, hvort það fje er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörslum. Ennfremur skal samskonar rannsókn fara fram í öllum útibúum bankans fyrirvaralaust, að minsta kosti einu sinni á ári. Skulu endurskoðendur framkvæma þá rannsókn til skiftis eftir ákvörðun bankaráðsins.

49. gr.

Sjerstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun í Landsbankanum, og ræður bankaráðið starfsmenn hennar.

Endurskoðunardeild þessi vinnur starf sitt samkvæmt reglugjörð, sem bankaráðið setur, og í samvinnu við endurskoðendur þá,

83 er landsbankanefndin kýs, þannig, að þeir geti notfært sjer hina dag-21. des. legu endurskoðun deildarinnar.

50. gr.

Laun hvors endurskoðenda skal vera 2000 kr., auk dýrtíðar-uppbótar.

V. KAFLI.

Sparisjóðsdeild bankans.

51. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við fje til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minst 1 kr. í senn. En þó er deildin eigi skyld að taka við stórfje, þegar framkvæmdarstjórnin álítur það óhaganlegt fyrir bankann.

52. gr.

Þegar innstæðan nemur minst 5 kr., reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að fjeð er lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum aorum.

Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 1000 krónum eða þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í bankanum.

53. gr.

Af fje, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar framkvæmdarstjórnin sjer sjer það fært, en heimta má, að upphæðum frá 1000—3000 kr. sje með viku fyrirvara sagt upp, og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti.

Án 2 mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að borga meira en 5000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiftabók.

54. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur inn fje með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiftabók, sem hann greiðir 50 aura fyrir. Framkvæmdarstjórnin ákveður, hvort sú borgun er tekin fyrirfram eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

Í hvert skifti, sem fje er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið vera ritað í viðskiftabókina. Þó má í sjerstökum tilfellum taka við fje án þess bókin sje sýnd, gegn kvittun bókara og fjehirðis.

Heimilt er að stofna sjerstaka deild við sparisjóðinn þar sem **83**
taka má við innlögum og ávísa á innstæðuna, án þess viðskiftabókin 21. des.
sje sýnd. Skulu slík innlög og útborganir færast í viðskiftabókina,
þegar hún er næst sýnd í bankanum. Viðskiftabækur við þá deild skulu
greinilega bera með sjer, að gefa megí út ávisanir á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókarí og fjehirðir í
viðskiftabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiftabókar
hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað
fje það, er viðskiftabókin hljóðar um eða eitthvað af því. Um falskar
ávisanir á sparisjóðsinnstæður gilda ákvæði 23. gr.

Vexti skal innfæra í viðskiftabækurnar þegar þær í fyrsta
skifti eftir 14. jan. ár hvert eru sýndar í bankanum. Framkvæmdar-
stjórnin löggildir viðskiftabækurnar eða þeir starfsmenn bankans, sem
bankaráðið gefur umboð til þess.

55. gr.

Glatist viðskiftabók, ber eiganda að snúa sjer til framkvæmdar-
stjórnarinnar, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt sam-
kvæmt 50. gr. laga um Landsbanka Íslands nr. 10, 15. apríl 1928.
Kostnaðinn greiðir eigandinn.

56. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt að segja lausu fje, sem er á
vöxtum í bankanum með sparisjóðskjörum, með 3 mánaða fresti. Skal
annaðhvort rita uppsögnina í viðskiftabókina eða gefa út auglýsingu um
hana, er sje birt í því blaði Reykjavíkur, er stjórnarvalda auglýsingar
skulu birtar í, og að minsta kosti í 2 öðrum blöðum.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

57. gr.

Ef eigandi að innstæðufje hvorki leggur inn nje tekur út í 15
ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með aug-
lýsingu, er skal birt með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í
55. gr., skorað á eiganda að hirða fjeð. Gefi hann sig ekki fram áður
en fresturinn er liðinn, er viðskiftabók hans ógild, en fjeð ásamt vöxt-
unum rennur í bankann; þó má framkvæmdarstjórnin greiða fjeð, að
meira eða minna leyti, ef rjettur eigandi gefur sig fram innan 5 ára
og bankaráðið leyfir.

58. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eignir annara í
bankanum nema skylt sje að lögum.

83

21. des.

59. gr.

Sá, er tekið hefir alt út úr viðskiftabók sinni, skal skila henni í bankann; sje bók útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiftunum áfram.

60. gr.

Ennfremur er sparisjóðsdeildinni heimilt að taka fje til ávöxtunar eftir sjerstökum samningi í hvert skifti og gefa viðtökuskírteini fyrir fjenu.

61. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt að kaupa og selja víxla, tjekka og ávísanir, hvort sem greiðsla á að fara fram innan lands eða utan.

62. gr.

Auk þess skal deildinni heimilt að veita lán gegn tryggingu með 1. eða 2. veðrjetti í jarðeignum, þar á meðal ræktuðum erfðafestulöndum með húsum, og húseignum með lóð í kaupstöðum eða verslunarstöðum.

63. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr sparisjóðsdeildinni gegn fasteignarveði, verða þeir að fullnægja þeim skilmálum er nú skal greina:

a. Útvega virðingargjörð samkvæmt eftirfylgjandi:

Eignir þær, er setja skal að veði, skulu 2 óvilhallir menn, er hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar til þriggja ára í senn fyrir hvern hrepp eða kaupstað — og 1 til vara —, virða á kostnað lánbeiðenda. Bankinn leggur til eyðublöð fyrir virðingargjörðir.

Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir bestu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, sköttum eða afgjöldum.

Í virðingargjörðinni skal eignunum ítarlega og greinilega lýst, og fram tekin öll þau atriði, kostir og gallar, er áhrif geta haft á verðmætið.

Sje það jarðeign, skal tilgreina fasteignarmat hennar, hve mörg kúgildi fylgi henni, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram alt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni, og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sje varið, og önnur sjerstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemdum af vatnagangi, skriðum, sandfoki, snjóflóði o. fl.

Þess skal getið, hver hús eru á jörðinni og hvað þau sjeu virt 83
hvert fyrir sig, og eins skal tekið fram virðingarverð jarðarinnar sjálfr- 21. des.
ar, án húsa.

Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til alt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr, og að svo miklu leyti sem unt er, gæði þess, og ennfremur aldur bygginganna og viðhald, og ef kvaðir nokkrar eru á þeim.

Að lokum skal í virðingargjörðinni tekið fram, hve stór lóð sú sje, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sje.

Hafi eignin gengið kaupum og sölum svo kunnugt sje, skal skýrt frá hvað gefið hefir verið fyrir hana síðast.

Til þess að hús í kaupstöðum og verslunarstöðum sjeu tekin að veði, útheimtist, að þau sjeu trygð í váttryggingarþjelagi, er framkvæmdarstjórnin tekur gilt. Váttrygging í Bunabótajfel. Íslands skal jafnan tekin gild.

Hús, sem fylgja jörðinni, verða eigi sjerstaklega tekin að veði, enda þótt váttrygð sjeu, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi. Sama er um hús utan kaupstaða og verslunarstaða, sem eigi eru notuð við ábúð á jörðu, eða ræktuðum erfðafestulöndum.

b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignarhönd liggi á eigninni og hver þau sjeu, svo að það sjáist, að þau sjeu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett bankanum.

c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sje það eigi hægt, þá vottorð hans um, að eignin sje vitanlega eign hans.

d. Ef um váttrygðar eignir er að ræða afhendist bankanum váttryggingarskírteini og

e. kvittun fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.

f. Sje um leigulóð að ræða, verður lóðarsamningur að fylgja lánsskjölunum með áritun um, að samrit eða eftirrit sje afhent til þinglýsingar.

64. gr.

Sparisjóðsdeildin lánar fje gegn sjálfsskuldarábyrgð, er framkvæmdarstjórnin álitur fullnægjandi.

65. gr.

Sparisjóðsdeildin veitir einnig reikningslán gegn þeim trygging-

83 um, sem framkvæmdarstjórnin ákveður, og fyrir það tímabil, sem henni 21. des. og lántakanda semur um.

66. gr.

Sparisjóðsdeildin má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar- og sýslu- og sveitarfélaga, og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfylgjandi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda (sýslunefndar og stjórnarráðs) til lántökunnar.

b. Fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- og bæjarfélagsins næsta ár á undan lánbeiðninni.

c. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalda um það, að þeir menn, er annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, sjeu rjettir hlutaðeigendur.

d. Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sje útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.

67. gr.

Lán gegn fasteign og handveði veitist með afborgun og vöxtum eigi til lengri tíma en 10 ára, nema framkvæmdarstjórnin í sjerstökum tilfellum sjái það hagnað fyrir sparisjóðsdeildina; hún kveður og á um það, hvernig afborgun lánsins sje greidd. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð og váttrygðum vörum veitist eigi til lengri tíma en 1 árs í senn.

68. gr.

Ársreikningur sparisjóðsdeildar skal saminn og birtur í stjórnartíðindunum í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok, en yfirlit yfir hagdeildarinnar skal birt við hver mánaðamót.

Útibúin skulu senda mánaðarreikninga sína til aðalbankans svo fljótt sem unt er.

VI. KAFLI.

Veðdeild bankans.

69. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugjörðum.

VII. KAFLI.

83

21. des.

Stjórn bankans.

70. gr.

Yfirstjórn Landsbanka Íslands er í höndum landsbankanefndarinnar, samkv. því er lög ákveðna, og ráðherra þess, sem fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð og framkvæmdarstjórn.

71. gr.

Skifting bankans í deildir skal komast á sem fyrst og skal bókfærslu og reikningum deildanna hagað eftir fyrirlagi bankaráðsins, en kosta skal kapps um, að ætíð sje auðvelt að kynna sjer hag bankans.

72. gr.

Bankaráðið hefir eftirlit með eignum bankans og allri starfsemi, það gengur ríkt eftir því við framkvæmdarstjórnina, að alt fje bankans, áriðandi skjöl og bækur sjeu látnar í eldtrygga trausta skápa. Þegar störfum er lokið hvern dag, og að húsum bankans sje vel viðhaldið og vel farið með alla innanstokksmuni og vjelar.

73. gr.

Bankaráðið skiftir störfum milli hinna 3 bankastjóra og setur þeim erindisbrjef. Skulu allir bankastjórnarnir eða að minsta kosti tveir þeirra að jafnaði vera viðstaddir í bankanum til viðtals á hverjum degi eigi skemur en 2 stundir.

74. gr.

Bankaráðið ákveður, hvenær bankinn skuli vera opinn til afgreiðslu fyrir almenning.

75. gr.

Bankaráðið ákveður ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.

Sjerhver almenn vaxtabreyting hjá bankanum skal auglýst í blaði því í Reykjavík, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, og að minsta kosti í tveimur öðrum blöðum.

76. gr.

Framkvæmdarstjórnin segir starfsmönnum bankans fyrir hverjum

- 83** um sig um skyldur þær, sem á þeim hvíla, og störf þau, sem þeir eiga að
21. des. annast, og hefir eftirlit með, að það sje framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

77. gr.

Allir embættismenn og starfsmenn bankans skulu undirskrifa drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samviseksemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru á hendur falin, og eigi gjöra neinum út í frá kunnugt um málefni bankans nje segja frá um viðskifti einstakra manna við hann.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

78. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær, og þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafn gild kvittun þess eða þeirra, er þeir fela starf sitt í samráði við framkvæmdarstjórnina.

79. gr.

Fjehirðir bankans skal setja tryggingu fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir, sem nemi að minsta kosti einum fjórða af því, sem hann má hafa mest í sjóði í eigin vörslum.

Fjehirðir ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæðum annast störf, ef eigi er sjeð fyrir að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji tryggingu, meðan þeir gegna störfum fjehirðis.

80. gr.

Á aðalpeningahirslu bankans skal læsingin vera þannig gjörð, að ekki verði henni lokið upp nema með tveimur lyklum, sem ekki eru eins. Hefir einn bankastjórinn annan lykilinn, en fjehirðir hinn, og verða þeir því ávalt tveir að vera við þegar hún er opnuð.

Þegar eitthvað er tekið úr sjóði eða í hann látið skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð.

Skal fjehirðir rita nafn sitt undir, ef úr sjóði er tekið, en bankastjóri, ef í hann er látið.

81. gr.

83

Fjehirði skal fengin önnur fjárhirsla, er hann skal geyma í það 21. des. fje, sem honum er fengið til daglegra þarfa, og hefir hann einn lykil eða lykla að henni.

82. gr.

Allir varalyklar skulu geymdir í hirslum, sem tveir mismunandi lyklar ganga að, svo að aldrei geti einn maður haft aðgang að þeim. Í sjerstökum skáp skal geyma lykla að leigðum bankaboxum, en leigjendunum skal afhenda einn lykilinn að leiguboxum þeirra.

83. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna framyfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

84. gr.

Starfsmennirnir mega ekki án leyfis framkvæmdarstjórnarinnar taka að sjer annð launað starf eða reka atvinnu.

85. gr.

Embættismönnum og starfsmönnum bankans er bannað að gjörast umboðsmenn annara gagnvart bankanum.

86. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu beiðast þess skriflega og geta þeir fengið prentuð eyðublöð undir slíkar beiðnir í bankanum. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafist, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sje gjörð grein fyrir, hverjar ástæður sjeu til synjunarinnar.

87. gr.

Sjerhver skuldunautur bankans má greiða lán það, er hann hefir fengið, alt eða nokkurn hluta þess áður en gjalddagi sá, sem ákveðinn er í skuldabréfinu er kominn, og fær hann þá endurgoldinn til-tölulegan hluta þeirra vaxta, er hann hefir fyrirfram greitt, af upphæð þeirri, sem hann greiðir fyrir rjettan gjalddaga, en eigi hærri vexti en bankinn á þeim tíma gefur fyrir sparisjóðsinnlög, þó getur framkvæmdarstjórnin breytt til um vaxtagreiðsluna, ef ástæða þykir til. Vaxtaupphæðin skal nema meiru en 3 kr. til þess að endurgreiðsla á vöxtum geti komið til greina.

83

88. gr.

21. des.

Framanskráð reglugjörð er hjer með sett samkvæmt lögum
nr. 10, 15. apríl 1928, á fundi Landsbankanefndar 28. nóv. 1928.

*Halldór Stefánsson,**s. varaformaður.**Hannes Jónsson. Magnús Guðmundsson.*

Framanskráð reglugjörð staðfestist hjermeð.

Fjármálaráðuneytið, 21. desbr. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Gísli Ísleifsson.